

ÞJÓÐIN OG VORIÐ

I

Hinir mörgu spádómar um komu heimskennara, sem fram hafa komið þessa síðustu áratugi, eiga að nokkru leyti við mínar uppgötvanir, og að nokkru leyti við það, að mjög merkileg vera, slík sem menn í fornöld hefðu kallað guð, mun gera vart við sig á jörðu hér, þegar aflsvæðið verður svo lagað sem til þess þarf. En það mun verða, þegar menn skilja þýðingu þess, sem ég er að segja þeim. Og þá mun allt breytast. Mönnum mun finnast sem þeir séu nú fyrst að byrja að lifa. Um alla jörð mun lífsvorið hefjast. Og ekki minnst munu viðbrigðin verða hér, þegar í sannleika má segja að Ísland sé orðið farsælda frón. Hér er svo mikið sem þarf að gróa. Hvergi hefir eins mikið af atgervi verið sligað og drepíð og hér. En orka hinnar íslensku þjóðar mun tífaldast, þegar vér lærum að leggja niður illindi, og náum sambandi við hinn guðlega kraft. Vorir ágætu frændur á Norðurlöndum, munu skilja miklu betur en áður, hvert gagn þeir geta haft af þessari litlu þjóð. Og einnig stórþjóðirnar. Ekki síst það fólk, sem Vesturheim byggir. Og þegar þjóðin þekkir sitt hlutverk, mun enginn Íslendingur tapast íslensku þjóðerni, hvar á jörðu sem hann er.

II

Það væri gaman að mega gera ráð fyrir því, að orðum mínum yrði svo tekið, að heyskapur gæti orðið tvöfaldur við það, sem í fyrra var. En að stuðla að aukning gróðurs, mun vera með auðveldari „kraftaverkum“. Og óhræddur mundi ég lofa því, að menn skyldu verða varir við einhvern gróður-
auka vonum framar, ef þeir treystu mér. Og segi ég þetta

ekki, af því að ég viti ekki vel, að það eru óvarleg orð, í augum þeirra, sem fremur hafa annað til síns ágætis en mannþekkingu, og halda, að það sé ekki að marka, þegar ég segi, eftir áratuga starf, að ég hafi fundið ný náttúrulögmál. En án trausts getur þetta ekki orðið. Og helst þyrftu menn að fá allan háskóla Íslands til að vera með mér. Og er óhætt að segja, þegar slíkir menn eiga í hlut, eins og þar starfa, að það mun verða, fyrr eða síðar. En þó er ekki alveg ólíklegt, að nokkur hjálp verði að koma frá útlöndum fyrst, enda verður þess nú ekki langt að bíða,¹ þó að allt þyki langt heim, sem lifir við nokkurskonar pindingar.

15. maí '25.

1) Tæpum mánuði síðar, 13. júní, kom út greinin A Thinker in Thule, eins og áður er sagt, s. 95.